

Svar

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn frá Birni Leví Gunnarssyni um lögbundin verkefni Sjúkratrygginga Íslands.

1. Hvaða lögbundnu verkefnum sinna Sjúkratryggingar Íslands?

Sjúkratryggingar Íslands annast framkvæmd sjúkratrygginga og semja um og greiða endurgjald fyrir heilbrigðisþjónustu samkvæmt lögum nr. 112/2008, um sjúkratryggingar, í samræmi við stefnumörkun ráðherra á hverjum tíma. Í 3. mgr. 5. gr. laga nr. 112/2008 eru talin upp lögbundin verkefni stofnunarinnar, en þar kemur fram að hlutverk sjúkratrygginga-stofnunarinnar sé eftirfarandi:

1. Að annast framkvæmd sjúkratrygginga samkvæmt III kafla laganna.
2. Að semja um heilbrigðisþjónustu samkvæmt IV. kafla laganna.
3. Að annast kaup á vörum og þjónustu sem stofnuninni ber að veita samkvæmt III. kafla.
4. Að greiða endurgjald fyrir heilbrigðisþjónustu sem veita ber samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu eða samið hefur verið um, sbr. IV. kafla laganna.
5. Að hafa eftirlit með gæðum og árangri á starfsemi þeirra sem veita heilbrigðisþjónustu samkvæmt samningum, sbr. IV. kafla laganna.
6. Að sinna öðrum verkefnum sem stofnuninni eru falin samkvæmt lögum, stjórnvaldsfyrirmælum eða ákvörðun ráðherra.

Önnur verkefni sem stofnuninni eru falin samkvæmt lögum um sjúkratryggingar, eru til að mynda að bera ábyrgð á og starfrækja gagnagrunn með þeim upplýsingum sem nauðsynlegar eru til að reikna út greiðsluþátttöku sjúkratrygginga og gjald sjúkratryggðs við kaup á lyfjum og heilbrigðisþjónustu, sbr. 29. gr. a og 29. gr. b. Þá skal stofnunin kynna almenningi rétt sinn samkvæmt lögum nr. 112/2008 með upplýsingastarfsemi.

Samkvæmt lögum nr. 45/2015, um slysatryggingar almannatrygginga, annast Sjúkratryggingar Íslands framkvæmd slysatrygginga almannatrygginga.

Samkvæmt lögum nr. 111/2000, um sjúklingatryggingu, annast Sjúkratryggingar Íslands sjúklingatryggingu fyrir heilsugæslustöðvar, sjúkrahús og aðrar heilbrigðisstofnanir sem ríki á í heild eða að hluta og einnig vegna sjúkraflutninga og sjúklinga erlendis á vegum sjúkratrygginga og „siglinganefndar“.

2. Hver er áætlaður heildarkostnaður lögbundinna verkefna Sjúkratrygginga Íslands og hver er áætlaður kostnaður hvers verkefnis samkvæmt fjárlögum fyrir árið 2020?

Fjárlög gera ráð fyrir samtals 45.497,7 millj. kr. til rekstrar Sjúkratrygginga Íslands og verkefna sem stofnunin annast á þessu ári. Kostnaði er ekki deilt niður á hvert lögbundið verkefni í fjárlögum, heldur er gerð grein fyrir fjárheimildum vegna hvers málefna sviðs og málaflokks og þeim skipt niður eftir fjárlagaviðföngum (sjá eftirfarandi töflu).

Málaflokkur	Fjarlagaviðfang	Fjárheimild 2020
2330 - Erlend sjúkrahúsjónusta	08206145 Brýn meðferð erlendis	2.252,8
2330 - Erlend sjúkrahúsjónusta	08206151 Sjúkrakostnaður vegna veikinda og slysa erlendis	457,1
2420 - Sérfræðiþjónusta og hjúkrun	08206111 Lækniskostnaður	11.986,6
2420 - Sérfræðiþjónusta og hjúkrun	08206125 Hjúkrun í heimahúsum	143,6
2420 - Sérfræðiþjónusta og hjúkrun	08206135 Tannlækningar	5.126,8
2420 - Sérfræðiþjónusta og hjúkrun	08206191 Annað	744,8
2430 - Sjúkraþjálfun, iðjuþjálfun og talþjálfun	08206131 Þjálfun	5.128,1
2440 - Sjúkraflutningar	08206141 Sjúkraflutningar og ferðir innan lands	1.110,4
2610 - Lyf	08206115 Lyf	10.020,5
2630 - Hjálpartæki	08206121 Hjálpartæki	5.358,5
2960 - Bætur vegna veikinda og slysa	08211110 Bætur vegna veikinda og slysa	1.957,6
3230 - Stjórnsýsla velferðarmála	08202101 Sjúkratryggingar Íslands	1.210,9
	Samtals	45.497,7